

Ed.

460. Frumvarp til laga

[232. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

14. gr. laga nr. 85/1968 orðist svo:

Ákvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.

14. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, þar með talin aflifunarefni, að þau hafi sérstaklega verið skráð á listum yfir slík efni, annað hvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda, sbr. 2. mgr. 2. gr. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera („biological products“), ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreint efni í reglugerð.

Ráðherra getur að fengnum tillögum eiturefnanefndar látið ákvæði 1. mgr. um skráningu á lista einnig ná til eiturefna og hættulegra efna, sem ætluð eru til annarra nota en þar segir, svo sem fúavarnarefna, fegrunar- og snyrtiefna og lífrænna leysi-efna. Skal þá kveða nánar á um skráningu slíkra efna í reglugerð, þ. á m. um notkun og bann við notkun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði 14. gr. gildandi laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 taka til skráningar á eiturefnum og hættulegum efnum, þegar þau eru notuð í landbúnaði og garðyrkju (plöntulyf, örgresisefni, stýriefni) eða til útrýmingar meindýra (útrýmingarefni).

Eftir að þessi ákvæði voru sett í lög hafa komið til sögunnar svonefnd aflifunarfni, er dýralæknar eða aðrir, (t. d. loðdýraræktendur) þurfa á að halda við aflifun dýra s. s. hunda, katta eða minka. Efni þessi eru hliðstæð útrýmingarefnum og þykir því rétt, að ákvæði um skráningarskyldu taki einnig til þeirra.

Nýmæli er einnig, að skráningarskylda er látin taka til hluta lífvera (t. d. toxín) eða örvera, ef þau eru notuð sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarfni. Ástæða fyrir þessu er sú, að á s. l. 10 árum hafa verið gerðar ítarlegar tilraunir með hluta lífvera til þess að ráða niðurlögum lífvera, er plöntusjúkdómi valda eða meindýr teljast. Niðurstöður þessara tilrauna eru á þann veg að líklegt má telja að notkun örvera og lífveruhluta í þessu skyni fái hagnýtt gildi. Verður því ekki hjá því komist að gera slíka notkun örvera og lífveruhluta skráningarskylda.

Ákvæði 14. gr. gildandi laga um skráningarskyldu mótuðust mjög af því á sínum tíma að í landbúnaði og garðyrkju voru og eru enn notuð ýmis vandmeðfarin hættuleg efni og eiturefni, er bæði geta valdið notendum miska og safnast í matvæli og þannig skaðað neytendur. Á þessu tímabili hefur ennfremur orðið veruleg aukning á notkun ýmissa efna og efnasamsetninga umfram það, er áður var. Kallar þetta á stóraukið eftirlit með notkun slíkra efna og mat á notagildi þeirra. Má í þessu tilviki nefna fúavarnarefni, sem nú eru miklu meira notuð en áður var og oft að því er virðist mjög tilviljunarkennt. Hafa þegar hlotist slys á mönnum vegna þessa og sannanir liggja fyrir um dauða húsdýra, sem sleikt hafa fúavarin hús. Þá kemur til, að meira er nú vitað um eituráhrif ýmissa mjög notaðra efna, t. d. lífrænna leysiefna, en áður var. Er því tvímælalaust komin fræðileg forsenda fyrir mati á notagildi slíkra efna miðað við eituráhrif þeirra. Hlýtur því að vera á allan hátt eðlilegt að notkun efna í þessum flokkum verði stýrt með sérstakri skráningu. Hér falla og undir ýmiss konar fegrunar- og snyrtiefni, sem svo eru nefnd. Að öllu þessu athuguðu þykir ljóst að notkun tiltekinna hættulegra efna og eiturefna í ákveðnu skyni geti verið svo miklum breytingum undirorpin að rétt sé að fela ráðherra vald til þess að beita ákvæðum 1. mgr. 14. gr. um skráningarskyldu sé einnig um að ræða aðra flokka efna en þar eru taldir upp. Til þess að tryggja að fagleg sjónarmið sitji jafnan í fyrir-rúmi er svo til ætlast að ákvörðun ráðherra sé háð tillögum eiturefnaneftndar.

Frumvarp það sem hér liggur frammi er samið samkvæmt tillögum eiturefnaneftndar og að fengnu álitum lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar sem telja breytingartillögu þessa til bóta. Ennfremur má nefna að Danir hafa sett inn í lög hliðstæð ákvæði og tóku þau gildi 1. okt. s.l. en mjög mikil samvinna hefur verið milli danskra og íslenskra eiturefnayfirvalda.